

Borgarráð

Beiðni um endurupptöku afgreiðslu velferðarráðs vegna Þorrasels þann 16. október sl.

Þann 16. janúar barst Reykjavíkurborg erindi Lex lögmannsstofu f.h. húsfélagsins Þorragötu 5-9 og eigenda íbúða við sama heimilisfang. Í erindinu kemur fram að kvartað sé undan samþykkt velferðarráðs á tillögu vegna tilfærslu heimaþjónustu út í hverfi, en í tillögunni kemur fram að samþætt heimaþjónusta í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum verði staðsett að Þorragötu 3 þar sem nú er rekin dagdvölin Þorrasel fyrir aldraða. Í erindinu er þess krafist að borgarráð endurupptaki ákvörðun velferðarráðs.

Eftir frumyfirferð á skrifstofu borgarstjórnar var erindinu vísað til umsagnar velferðarsviðs þann 19. janúar með vísan til heimilda í viðauka 2.1. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar en þar kemur fram að skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, erindi til borgarráðs til umsagnar, kynningar eða meðferðar einstakra nefnda og ráða, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar. Í viðaukanum kemur jafnframt fram að slíkar afgreiðslur skrifstofustjóra skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs. Afgreiðslan var lögð fram á fundi borgarráðs og var borgarráðsmönnum jafnframt sent afrit erindisins með öðrum fundargögnum. Umsögn velferðarsviðs barst borgarráði 9. apríl sl.

Í 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er fjallað um endurupptöku mála en þar kemur fram að aðili máls á rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný, eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Í 2. mgr. 14. gr. samþykktar velferðarráðs kemur fram að heimilt sé að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar ráðsins í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka mál upp að nýju.

Í fyrirleggjandi erindi kemur ekki fram sérstakur rökstuðningur samkvæmt 24. gr. stjórnarsýslulaga, þ.e. hvort talið er að ákvörðun velferðarráðs hafi byggst á ófullnægjandi eða

röngum upplýsingum um málsatvik eða hvort aðilar telja að ákvörðunin hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því ákvörðun var tekin. Í erindinu eru rakin ýmis atriði sem aðilar telja að ekki hafi verið tekið nægjanlega tillit til s.s. ákvæði fjöleignarhúsalaga um samþykki meðeigenda og sérstakar kvaðir samkvæmt lóðarleigusamningi. Í umsögn velferðarsviðs er ekki tekið undir að ákvörðunin byggist á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Í ljósi þess er ekki talið að skilyrði 24. gr. stjórnsýslulaga um endurupptöku séu fyrir hendi í máli þessu sem skylda borgarráð til að endurupptaka ákvörðunina. Jafnframt er bent á að í umsögn velferðarsviðs kemur fram að kynningu á fyrirbyggjandi breytingum fyrir hagsmunaaðilum er stendur enn yfir.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar